

## GJALDSKRÁ um sorphirðu í Garðabæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir.

Sorphirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu og urðun sorps, ásamt kostnaðarhlutdeild við rekstur endurvinnslustöðva.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 21.400 á hverja íbúð á árinu 2015.

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar, og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtu-kostnaðar.

Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

5. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjalds vera samkvæmt reikningi, fyrir sannanlegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1175/2013.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 4. desember 2014.*

**Guðjón Erling Friðriksson** bæjarritari.